



Borgarráð

**Svör við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um styrki og samninga**

Í borgarráð var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins styrki og samninga:

**BORGARRÁÐ 20. september 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um samninga og styrki Reykjavíkurborgar - R18090189**

*Óskað er eftir öllum samningum/styrkjum sem Reykjavíkurborg hefur gert við aðila skal listinn vera tæmandi talinn. a. Hverjir eru styrkþegar? b. Hvaða upphæð er hver og einn að fá og til hvað margra ára eru samningarnir?*

Fjármálaskrifstofu hefur verið falið að svara ofangreindri fyrirspurn.

Styrkir Reykjavíkurborgar eru veittir til einstakra verkefna og eru á fjárhagsáætlun ársins. Þjónustu- og samstarfssamninga má gera til allt að 3ja ára en eftir fyrsta árið eru fjárheimildir háðar fyrirvara um fjárveitingar í fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta árið. Reglur um styrki, þjónustusamninga og samstarfssamninga er að finna í hjálögðum gögnum. Fjármálaskrifstofa gerir árlega skýrslu til borgarráðs um framkvæmd ofangreindra reglna. Í hjálagðri skýrslu fyrir árið 2017 er að finna umfjöllun um framkvæmd þessara mála á því ári og með fylgir listi yfir móttakendur styrkja og mótaðila í þjónustusamningum og samstarfssamningum og fjárhæðir sem hver og einn fékk. Þjónustusamningar eiga almennt við þegar lögbundin þjónusta er útvistuð t.d. samningar við einkarekna, leik- og grunnskóla og eru þá gerðir til 3ja ára á grundvelli reglnanna til að skapa þessum aðilum ákveðinn fyrirsjáanleika. Þriggja ára samningur er einnig gerður við Leikfélag Reykjavíkur.

Vísa að öðru leyti til hjálagðrar skýrslu fjármálaskrifstofu.

Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri